




Saltfiskstöflun

1934 – 1935



Undirbúningsvinna

Svartkrít á pappír
Listasafn Íslands



Venus 1935


1935, Steinsteypa, h. 178 cm, LSÓ 1033

Listasafn Íslands, gjöf frá listamanninum 1972

Lokaprófsverkefni Sigurjóns úr Konunglega Listaháskólanum.

Eftir sjö ára nám í Listaháskólanum mótaði Sigurjón stytta af konu, sem stígur fram með álíka reisu og svipaða fótstöðu og sjá má í fornegyptsku styttunum. Sigurjón túlkar hér upplifun sína af

fornri list með myndmáli nútímans. Verkið hlaut verðskuldaða athygli fyrir formdirfsku en einnig gagnrýni fyrir að vera það sem menn nefndu 'afskræmingu kvenlíkamanns'.



Móðir og barn

1936, kalksteinn, h. 100 cm, LSÓ 1039

Listasafn Íslands

„Primitiv, men paa to maader“ var fyrir-sögn blaðagreinar listmálarans Egon Mathiesen um verkið í Politiken 4.01.1937. Hann segir: „Sem dæmi um nútímalegan, primitífan skúlptúr vil ég nefna Móður og barn eftir Sigurjón Ólafsson. Listamaðurinn gæti hafa haft að fyrirmynd útskornar smámyndir frumbyggja, sem hann yfirfærir í einfaldað myndmál nútímans. Þetta eru hrein, þrívíð form, skúlptúr án heimspekilegs ívafs eða tilfinningasemi.“



Maður með kind

1935, kalksteinin, h. 100 cm, LSÓ 1035

Í samtíma blaðaviðtali við Sigurjón kemur fram að fljótlega eftir að hafa lagt loka-hönd á lágmyndina *Saltfiskstöflun*, hóf hann að vinna þennan skúlptúr, sem einnig á sér fyrirmynd í íslenskri atvinnu-sögu. Þetta var fyrsta verkið sem Sigurjón hjó í stein og er beintengt *Saltfiskstöflun* á þann hátt að öll smáatriði víkja fyrir þungri og þéttri formgerð.



Glíma

1934, brons, h. 56 cm, LSÓ 002

Gjöf til LSÓ í minningu um Ólaf Óskarsson skólastjóra frá Ingibjörgu Björnsdóttur.

Sigurjón hlaut fyrstu verðlaun fyrir myndina á sýningu Listaháskólans í Kaupmannahöfn 1935.



Móðir mín

1938, brons, h. 32 cm, LSÓ 007

Sigurjón hlaut heiðursverðlaun kennd við danska málarann Eckersberg 1939 fyrir andlitsmyndina af móður sinni, Guðrúnu Gísladóttur. Verkið er meðal bestu verka Sigurjóns. Þetta er persónulýsing sem er svo sterk að menn skynja heila þjóð í þessu andliti. Bronsafsteypur eru í eigu Listasafns Íslands, Moderna Museet í

Stokkhólmi og danska ríkislistasafnsins í Kaupmannahöfn.



Verkamaður

1942, brenndur leir, h. 75, LSÓ 1068

Arion Banki

Í desember 1943 var verkið á sýningu Decembristerne í Kaupmannahöfn. Dagblaðið Politiken birti 18.12.1943 gagnrýni eftir Sigurd Schultz, forstöðumann Thorvaldsens safnsins. Þar segir meðal annars: „Á þessari sýningu var skúlptúr í leir af sitjandi verkamanni, sem hallaðist eilítið til hliðar. Listamaðurinn hefur tekið eftir skekkjum í líkama mannsins og komið

þeim til skila í leirnum með ótrúlegri snilld. Þessi vinnuaðferð líkist því sem var aðalsmerki Thorvaldsens (já afsakið! en þetta er álit mitt).“



Sýning í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
05.02–27.11 2022